

# Í E E E E E E A

## Samþykktabreytingar

Sú krafa hefur aukist jafnt og þétt að sjóðfélagar fái að koma frekar að að vali stjórnarmanna lífeyrissjóðsins. Stjórn EFÍA hefur, ásamt stjórn FÍA, haft málið til skoðunar og ákveðið var að leggja til að breyta samþykktum þar sem fyrirkomulagi við val stjórnar yrði breytt. Tillagan var lögð fram á aukaársfundi sjóðsins 14. febrúar s.l og fól í sér að í stað þess að þrír fulltrúar í stjórn og þrír varamenn séu tilnefndir af stjórn FÍA myndu sjóðfélagar sjálfir kjósa stjórnarmenn í þau sæti í beinum kosningum.

## Niðurstaða kosninga

Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins voru lagðar fyrir sjóðfélaga í allsherjarkosningu í kjölfar aukaársfundar. Kosningin stóð í viku og gátu sjóðfélagar kosið með einföldum hætti, rafrænt, á heimasíðu sjóðsins. Þátttaka var betri en í síðustu kosningu en má þó vera töluvert betri og standa vonir stjórnar til að þátttaka haldi áfram að aukast. Kosningaþátttaka var 19, 36% og voru breytingartillögurnar samþykktar með afgerandi meirihluta en atkvæði féllu með eftirfarandi hætti:

- \* Já : 92,49%
- \* Nei : 4,23%
- \* Sátu hjá: 3,29%

Athyglisvert er að sjá aldersdreifingu þátttakenda í kosningunni, á myndinni hér að neðan má sjá hlutfall hvers aldersbils sem kaus í rafrænni kosningu. Sem dæmi má nefna að 24,39% allra sjóðfélaga á aldrinum 31-40 ára tóku þátt í kosningunni en það aldersbil er með mesta þátttöku í kosningunum að þessu sinni.

## Breytingartillögur

Breytingartillögur á samþykktum sjóðsins snéru allar að stjórnarkjöri og þar með tilhögun þess og tilhögun ársfundar. Í vinnu sinni við breytingarnar hafði stjórn að leiðarljósi að tryggja ákveðna samfellu í stjórninni, að ferlið væri gagnsætt og sjóðfélagar, jafnt og væntanlegir frambjóðendur, væru vel upplýstir ásamt því að tryggja aðkomu allra sjóðfélaga að stjórnarkjörinu.

Kosningafyrirkomulagið verður með þeim hætti að kosið er í hvert sæti til tveggja ára í senn. Annað árið er kosið í sæti tveggja aðalmanna og eins varamanns, seinna árið er svo kosið um sæti eins aðalmanns og tveggja varamanna. Með þessu fyrirkomulagi er tryggð ákveðin samfella og þess gætt að skipta ekki of mörgum stjórnarmönnum út í einu. Fyrir nýjan stjórnarmann er ærið verkefni að setja sig inn í málefni sjóðsins og mikil vinna sem fer í undirbúning hæfismats Fjármálaeftirlitsins ef kallað er eftir því. Með þeim rökum má segja að tvö ár séu lágmarkstími í stjórn.

Í breytingartillögunum er einnig bætt inn ákvæði sem heimilar stjórn að skipa kjörnefnd og setja henni starfsreglur. Kjörnefndin hefði það hlutverk að kalla eftir framboðum með greinagóðum auglýsingum og yfirfara þau með tilliti til bestu samsetningar stjórnar og mats á hæfi frambjóðanda. Stjórn EFÍA vonast eftir miklum áhuga sjóðfélaga á því að bjóða sig fram en hafa þarf í huga að stjórnarmaður þarf að uppfylla ákveðin hæfisskilyrði samkvæmt lögum og jafnframt að vera tilbúinn til að gangast undir hæfismat Fjármálaeftirlitsins verði kallað eftir því.

## Nýtum atkvæðisréttinn í vor

Að undangengnu samþykki fjármála- og efnahagsráðuneytis á breyttum samþykktum sjóðsins er fyrsta stjórnarkjör sjóðsins nú í vor, á ársfundi 2019. Á þeim fundi verður kosið um tvo aðalmenn og einn varamann. Stjórn FÍA tilnefnir til eins árs einn aðalmann og tvo varamenn en þau stjórnarsæti yrði svo kosið um á ársfundi 2020. Stjórn EFÍA hefur hvatt sjóðfélaga eindregið til að sýna sjóðnum áhuga, mæta á fundi og nýta atkvæðisrétt sinn. Krafa frá sjóðfélögum um að auka sjóðfélagalýðræði er því afar ánægjuleg og vonandi tákn um enn frekari áhuga. Þátttaka í kosningum hingað til hefur því miður verið lítil og mikilvægt að sjóðfélagar nýti mun betur atkvæðisrétt sinn nú þegar kosið verður um stjórnarmenn. Lagt verður upp með að kosningar verði eftir sem áður rafrænar og sjóðfélagar hafi aðgang að stjórnarkjöri í gegnum vefsíðu sjóðsins, efa.is. Það er einlæg ósk stjórnar að þessi breyting verði til þess að kveikja enn frekar áhuga og þátttöku sjóðfélaga.

Hlutfall af aldersbili sem mætti á kjörstað

